

Nr. 18-027 S 016 Drangey SK 2***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 2893
IMO 9758222
Smíðaður: Tyrkland 2017, stál
Stærð: 2080,78 bt
Mesta lengd: 62,55 m Skráð lengd: 58,47 m
Breidd: 13,52 m Dýpt: 8,20 m
Vél: YANMAR 1620 kW, 2015
Fjöldi skipverja: 15



Drangey©NN

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 28. september 2018 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 7. febrúar 2018 var Drangey SK 2 á togveiðum á Vestfjarðamiðum. Veður: SV 18-23 m/s.

Skipverji var við þrif á vinnsluþilfari þegar hann klemmdi fingur á gólfgrind með þeim afleiðingum að hann marðist illa á fingri og missti nögl.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði var að taka upp gólfgrind til að ná í fjöl sem hafði farið undir grindina;
- að slasaði var frá vinnu í þrjár vikur.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.